

Endurbætur á Skeiða- og Hrunamannavegi og efnistaka úr Gýgjarhólskoti í Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 25. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar endurbætur á Skeiða- og Hrunamannavegi og efnistöku úr tveimur námum í landi Gýgjarhólskots í Bláskógabyggð, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Endurbætur á Skeiða- og Hrunamannaveg og efnistaka úr Gýgjarhólskoti í Bláskógabyggð. Fyrirspurn um matsskyldu. Vegagerðin, júní 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð með bréfi dags. 12. ágúst 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 22. ágúst 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 22. ágúst 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. ágúst og 25. nóvember 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 30. september og 12. desember 2019.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í efnistöku á um 55.000 m³ af efni úr tveimur námum í landi Gýgjarhólskots og endurbætur og lagningu bundins slitlags á Skeiða- og Hrunamannaveg á 4,2 km kafla frá Biskupstungnabraut að Einhóltsvegi. Um 40.000 m³ mun koma úr námu sem skilgreind er sem náma E71 í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar auk þess sé gert ráð fyrir að taka um 15.000 m³ úr námu E72 við Einhóltsveg.

4 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur að náma E71 sé innan svæðis á náttúruminjaskrá, Brúarhlöð, svæði nr. 736 sem lýst sé sem tilkomumiklu gljúfri með kjarri og skógi vöxnum bökkum. Náman er opin náma og sést frá vegi. Búast megi við að auknum áhrifum námunnar á landslag og ásýnd svæðisins með aukinni efnistöku. Ekki sé búist við raski á kjarri.

Ásýndaráhrif og verktilhögun við frágang efnistökusvæða

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar felist fyrst og fremst í sjónrænum áhrifum efnistöku úr námu E71, auk þess sem stofnunin telur miður að hugmyndir framkvæmdaraðila eins og þær birtast í tilkynningu varðandi frágang námunnar skuli ekki vera



aðrar en almenn ákvæði um verklag við frágang. Umhverfisstofnun telur að svo mikil efnistaka sem ráðgerð sé geti haft verulega neikvæð sjónræn áhrif í för með sér á svæði sem sé fallett og landþröng mikil þannig að allt rask verði mjög sýnilegt og þar með haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Stofnunin telur að alfarið eigi að hætta efnistöku eða draga verulega úr því magni sem ráðgert sé að taka og leggja að landeiganda að hætta einnig efnistöku til eigin nota úr umræddri námu.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að efni úr námu E71 henti fyrirhugaðri vegframkvæmd betur en efni úr nærliggjandi námum. Vegagerðin hefur engu síður dregið, eins og kostur er, úr umfangi efnistökkunnar úr námunni með því skipta efnistöku á milli tveggja efnistökusvæða, námu E71 og E72. Markmiðið með skiptingunni var að tryggja að efnistakan væri innan skilmála sem settir eru fram í aðalskipulagi, dreifa álagi á auðlindir og til að draga úr sjónrænum áhrifum við Brúarhlöð.

Í verklok mun Vegagerðin loka námunni endanlega. Bakkar verða lagaðir að landslagi í kring og mold og svarflagi, sem ýtt var til hliðar við upphaf efnistöku, notað við frágang til að hjálpa náttúrulegum gróðri úr nágrenninu að vaxa. Leitast verður við, eins og kostur er, að hlífa stökum birkitrjám sem eru staðsett í jaðri námunnar og þess gætt að ekki myndist dældir í námubotni sem safnað geta vatni. Efnistaka mun ekki koma til með að breyta einkennum vesturbakkans né heildaryfirbragði svæðisins. Með tímanum er gert ráð fyrir að efnistökusvæðið falli inn í nærumhverfið að fullu.

Jarðminjar

Fram kemur að fyrirhuguð efnistaka úr námu E71 sé innan svæðis á náttúruminjasrá, sem nýtur verndar vegna m.a. tilkomumikils gljúfurs en skv. greinargerð framkvæmdaraðila mun efnistakan ekki hafa áhrif á gljúfrið sjálft. Náma E71 er í setbakka sem hamfaraflóð í Hvítá myndaði eftir lok síðasta jökulskeiðs. Í kjölfar þess hefur Hvítá grafið sig niður í setið við Brúarhlöð og myndað fyrrnefnda setbakka. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdanna séu staðbundin og að þær hvorki breyti einkennum jarðminja á svæðinu né rýri verndargildi þeirra.

Gróður og fuglalíf

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé innan alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis. Suðurlandsundirlendið hefur alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm og á fartíma fyrir álf, heiðagæs, blesgæs og grágæs. Telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdanna séu staðbundin og tímabundin og hvorki líklegar til að breyta einkennum gróðurfars eða fuglalífs á svæðinu né rýra verndargildi þess.

Menningarminjar

Fram kemur að Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða hafi verið fengin til að gera fornleifarannsókn á 4,2 km vegarkafli Skeiða- og Hrunamannavegar og talið sé að engar minjar eigi það á hættu að verða raskað.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands segir að stofnunin telur það miður að ekki hafi verið athugað hvort fornleifar væri að finna innan efnistökusvæðanna. Stofnunin telji þó litlar líkur á að þar séu fornleifar að finna og fer stofnunin ekki fram á að svæðin verði skráð sérstaklega en minnir á ákvæði laga um menningarminjar varðandi verktilhögun á framkvæmdatíma.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Fyrirhuguð efnistaka er í samræmi við Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.



6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform Vegagerðarinnar um 55.000 m³ efnistöku af tveimur svæðum og endurbætur og lagningu bundins slitlags á Skeiða- og Hrunamannaveg á 4,2 km kafla frá Biskupstungnabraut að Einholtssvegi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 6. gr. og lið 2.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Með fyrirhuguðum endurbótum og lagningu bundins slitlags á núverandi malarvegi auk lagfæringa á vegfláum, hæðarlegu og tengingum er haldið áfram efnistöku af tveimur svæðum sem hafa verið raskað að hluta. Ekki er um að ræða umfangsmikil efnistökusvæði, en nokkuð mikla efnistöku á því svæði sem er á náttúrminjaskrá. Efni hefur verið unnið af báðum svæðunum áður, en áhrif efnistökkunnar á umhverfið verða meiri innan þess efnistökusvæðis sem nýtur verndar.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, til að mynda svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að helstu áhrif framkvæmdarinnar felist í sjónrænum áhrifum efnistöku úr námu sem sé innan svæðis á náttúrminjaskrá. Verndunin nær til árgljúfurs Hvítar frá Brúarhlöðum og upp að Ármótum við Fossá. Ástæða verndunar er að um er að ræða tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum. Efnistakan úr námu E71 mun hafa varanleg og neikvæð áhrif á setmyndunina og telur Umhverfisstofnun að allt rask verð mjög sýnilegt og geti haft verulega neikvæð sjónræn áhrif á svæðið og í kjölfarið neikvæð áhrif á verndargildi þess. Með vönduðum frágangi mun líkast til draga úr áhrifum á landslag með tímanum. Þá er líklegt að áhrif á gróðurfar svæðisins verði tímabundin. Þá er náman staðsett þannig að ásýndaráhrif hennar nær yfir takmarkað svæði. Skipulagsstofnun telur brýnt að áform Vegagerðarinnar varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið, þ.e. bakkar verða lagaðir að landslagi í kring og mold og svarflag, notað við frágang til að hjálpa náttúrulegum gróðri úr nágrenninu að vaxa, auk þess að lágmarka rask á þeim gróðri sem fyrir er.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf í framkvæmdaleyfi að kveða sérstaklega á um frágang að efnistöku lokinni í námu E71 og að samráð verði við Umhverfisstofnun varðandi framsett skilyrði þess efnis.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa, svo sem með tilliti til umfangs umhverfisáhrifa stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðra efnistöku og endurbóta á Skeiða- og Hrunamannaveg felast fyrst og fremst í staðbundnum ásýndaráhrifum efnistöku úr námu E71 sem er á bökkum Hvítar, í grennd við Brúarhlöð. Áhrifin geta orðið neikvæð og varanleg á verndargildi svæðisins að mati Skipulagsstofnunar en stofnunin leggur áherslu á að frágangsáform þau sem getið er um hér að framan og þurfa að rata inn í framkvæmdaleyfi eru líkleg til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar. Áhrif efnistöku úr námu E72 og vegagerðar eru að mati Skipulagsstofnunar óveruleg þar sem rask verður á túnnum og lausum jarðlögum utan verndarsvæða.



Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 28. febrúar 2020.

Reykjavík, 23. janúar 2020.

Egill Þórarinsson

Jón Smári Jónsson